

## Því úrskurðast:

63

Umrædd Kristjana Sigurðardóttir skal teljast sveitlæg í Breiðuvíkurbreppi, 29. mars og ber hreppssjóði þess hrepps að greiða hreppssjóði Neshrepps utan Ennis  $\frac{2}{3}$  hins veitta sveitarstyrks, kr. 8,91, eða kr. 5,94.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra oddviti, að því viðbættu, að eg vænti þess að þjer greiðið hingað sem fyrst umræddar kr. 5,94, svo framarlega sem þjer eigi áfrýið úrskurði þessum.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um flutning þingstaðar** 64  
10. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 3. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Felli að Skálá, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna um friðun á mælingamerkjum landmælingadeildar herstjórnarráðsins.** 65  
12. apríl

Landmælingadeild herstjórnarráðsins í Kaupmannahöfn hefir skýrt stjórnarráðinu frá því, að það hafi þráfaldlega komið fyrir síðan mælingadeildin hóf mælingar nú hjer á landi, að vörðum þeim og merkjum, sem mælingamennirnir hafa sett upp og notað við landmælingarnar, hafi verið raskað, þau verið skemd og feld, og grjót, stengur, flögg, kopargaddar og koparhúnar teknir úr þeim.

Þetta hefir valdið landmælingamönnum mikilla erfiðleika og tafa, og oft mikils kostnaðar, er ákveða hefir orðið þúktana aftur, sem merkin áttu að sýna, og gjöra um aftur mælingar til þess.

Þessar mælingarvörður og merki landmælingamanna herstjórnarráðsins hafa einnig mikið gildi fyrir landið eftir að þeir hafa nú lokið mælingum sínum í hinum ýmsu hjeruðum, því merki þessi og vörður má nota við síðari mælingar bæði á landi og sjó, og er því einnig áriðandi fyrir eftirtímann, að þeim verði ekki raskað eða þau skemd, að því ógleymdu, hve ósæmilegt slíkt athæfi er að öllu leyti.

Jafnframt því að skýra yður, herra sýslumaður, frá þessu, skuluð þjer hjermeð beðinn að brýna fyrir almenningi á næstu manntalsþingum í umdæmi yðar, að menn raski ekki eða skemmi á neinn hátt umrædd mælingamerki og